



## Fundargerð

468. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 20. maí 2021, kl.15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK).Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var Jóhann Þórðarson endurskoðandi hjá Endurskoðunarstofunni Áliti. Jóhann var sat á fundinum í gegnum Teams, undir lið 1 á dagskránni.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er sex blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

#### 1. 466. Fundur sveitarstjórnar 15. apríl 2021

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 467. Fundur sveitarstjórnar 4. maí 2021, aukafundur.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 14. apríl 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### **4. Mennta- og menningarmálanefnd 28. apríl 2021**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### **4.1 Tillaga að móttöku yngri barna í leikskóladeild.**

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu leikskólastjóra og bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

##### **4.2 Gjaldskrá sumarnámskeiða.**

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá fyrir sumarnámskeið 2021. Samþykkt samhljóða.*

##### **4.3 Akstur sumarstarfs.**

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu tómstundafulltrúa að tilraunaverkefni. Samþykkt samhljóða.*

##### **4.4 Leikskólalóð staða.**

*Sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdin verði kláruð að mestu árið 2020. Fjármögnun felist í tilfærslu á verkefnum á milli ára. Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

#### **5. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 6. maí 2021.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### **5.1 2104007 – Hellisbraut 6 2122728 – umsókn um byggingaleyfi, kvistur.**

*Skipulagsnefnd samþykkti umsókn um byggingarleyfi fyrir kvistbyggingu að Hellisbraut 6 á fundi sínum þann 6. maí sl. með fyrirvara um grenndarkynningu fyrirhugaðrar framkvæmdar. Grenndarkynningu er lokið og bárust engar athugasemdir. Sveitarstjórn samþykkir umsókn um byggingarleyfi og að málinu verði lokið í samræmi við byggingarreglugerð. Samþykkt samhljóða.*

##### **5.2 2105003 – Djúpidalur, umsókn um byggingaleyfi.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

5.3 2104015 – AB fasteignir, breyting á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

5.4 2105004 – Þörungaverksmiðjan, umsögn vegna leyfis til heimavigtunar.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar varðandi leyfi til heimavigtunar til handa Þörungaverksmiðjunni. Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.*

## **6. Fundargerð Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps 6. apríl.**

JÖE fór yfir fundargerðina.

*Fundargerðin er staðfest.*

### **Mál til afgreiðslu**

#### **1. 2101001 - Ársreikningur Reykhólahrepps og stofnanna 2020, síðari umræða og skýrsla endurskoðanda.**

Ársreikningur Reykhólahrepps og stofnanna fyrir árið 2020 lagðir fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu. Jóhann Þórðarson endurskoðandi sat fundinn undir þessum lið og fór yfir endurskoðunarskýrslu.

*Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Reykhólahrepps og stofnanna árið 2020. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir skýrslu endurskoðanda, samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með viðsnúning í rekstri sveitarfélagsins og þakkar sveitarstjóra og starfsfólki sveitarfélagsins góðan árangur.*

#### **2. 2102022 - Ráðningasamningur og prókúra fyrir skrifstofustjóra.**

Lagður er fram ráðningasamningur við Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur skrifstofustjóra. Ásta Sjöfn tekur til starfa 1. júní 2021.

II véc af fundi.

*Sveitarstjórn samþykkir ráðningasamninginn og veitir Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur prókúru á bankareikning sveitarfélagsins vegna starfa hennar. Samþykkt samhljóða.*

II kemur aftur inn á fundinn.

**3. 2105001 - Tilboð í fasteignina Hellisbraut 38.**

Lögð eru fram tvö tilboð í fasteignina Hellisbraut 38. Annarsvegar móttílbóð 15,54 millj. og hinsvegar nýtt tilboð að upphæð 17,5 millj.

*ÁHH véc af fundi.*

*Sveitarstjórn hafnar móttílbóði 15,54 millj. og felur sveitarstjóra að gera bjóðanda gagntílbóð. Samþykkt samhljóða.*

ÁHH kom aftur inn á fund.

**4. 2105005 - Fjórðungsping Vestfirðinga 2. júní 2020 og aðalfundur Vestfjarðarstofu.**

Lagt fram ping- og fundarboð vegna Fjórðungspings Vestfirðinga og aðalfundar Vestfjarðastofu þann 2. júní 2020.

*ÁHH, EDBJ, II og JÖE verðar fulltrúar Reykhólahrepps á Fjórðungspingi og á aðalfundi Vestfjarðastofu. Fulltrúar sveitarfélagsins fara saman með 536 atkvæði sveitarfélagsins á fundinum. Samþykkt samhljóða.*

**5. 2105006 - Björgunarsveitin Heimamenn, ósk um niðurfellingu fasteignagjalda 2021.**

Lagt er fram erindi frá gjaldkera Björgunarsveitarinnar Heimamanna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignagjöldum vegna húsnæðis sveitarinnar.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Björgunarsveitinni Heimamönnum styrk til greiðslu fasteignagjalda fyrir árið 2021 skv. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga 4/1995. Samþykkt samhljóða.*

**6. 2105007 - Björgunarsveitin Heimamenn, húsnæðismál sveitarinnar.**

Lagt er fram erindi Björgunarsveitinni Heimamönnum dags. 2. maí 2021. Í erindinu kemur fram vilji sveitarinnar að kanna möguleika á kaupum á hluta húsnæðis að Suðurbraut 5 sem nú hýsir slökkvistöð.

*Sveitarstjórn hefur ekki áform um sölu húsnæðis að Suðurbraut 5. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2105008 - Tilnefningar í Breiðafjarðarnefnd.**

Lagt er fram erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 28. apríl 2021, þar sem ráðuneytið óskar sameiginlega tilnefningu sveitarfélaganna sem liggja að Breiðafirði að fulltrúum í Breiðafjarðarnefnd.

*Sveitarstjórn tilnefnir Karl Kristjánsson sem aðalfulltrúa og Rebekku Eiríksdóttur sem varafultrúa í Breiðafjarðarnefnd. Sveitarstjóra falið að koma tilnefningum á framfæri. Samþykkt samhljóða.*

**8. 2105009 - Landgræðsluáætlun 2021 – 2031, ósk um umsögn.**

Lögð er fram erindi Landgræðslunnar frá 6. maí 2021 og Landgræðsluáætlun 2021 – 2031.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða áætlun. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar**

**1. 2105010 - Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar C-19.**

*Skýrsla lögð fram.*

**2. 2105011 - Ársreikningur byggðasamlags um Slökkvilið 2020.**

*Ársreikningur lagður fram og kynntur.*

**3. 2103017 - Fundargerð 35. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu þann 29. mars 2021.**

*Fundargerð lögð fram.*

**4. 2102014 - 189. fundur Breiðafjarðarnefndar 7. apríl 2021.**

*Fundargerð lögð fram.*

**5. 2105012 - Fundargerð aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. 2021 samþykktir og ársreikningur 2020.**

*Fundargerð og ársreikningur lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin**

**1. 2105014 - Staða hitaveitumála á Reykhólum, ályktun.**

*Sveitarstjórn lýsir þungum áhyggjum sínum af hitaveitu- og orkumálum á Reykhólum og skorar á stjórn Orkubús Vestfjarða að gera nýtingaráætlun og sinna þörfum almennings og fyrirtækja á svæðinu. Það er algjörlega ótækt að fyrirtæki á Reykhólum sem vilja hefja atvinnustarfsemi fái ekki til þess heitt vatn á meðan það rennur ónotað út í sjó og skurði.*

*Sveitarstjórn krefst þess að Orkubúið geri raunhæfar áætlanir um nýtingu auðlindarinnar sem henti atvinnulífi, uppbyggingu og samfélaginu á svæðinu ellegar skili einkarétti af sölu orkunnar til sveitarfélagsins. Þá skorar sveitarstjórn Reykhólahrepps á þingmenn og ráðherra iðnaðar að leggja sveitarfélaginu lið í þessu máli svo hægt verði að nýta auðlindir á Reykhólum til uppbyggingar atvinnutækifæra á svæðinu.*

**2. 2105015 - Aflagðar girðingar.**

Lagt er fram erindi frá Arnóri H. Ragnarssyni dags. 7. maí 2020.

*Sveitarstjóra falið að ræða við MAST vegna málsins.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:20

---

---

---